



481. Stjórnarfundur haldinn 19. janúar. 2017 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI) og Sveinn Adolfsson (SA).

Fjarverandi: Guðjón Axelsson og (GA) Birgir Már Bragason (BMB).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkomin bréf.

Snæfell blað ÚIA. *Móttekið.*

Tölvupóstar frá formönnum deilda, þar sem þeir eru að gefa kost á sér til formanns. *Móttekið.*

3. Send bréf.

Engin.

4. Aðalfundir deilda Keflavíkur 2017.

Allt að verða klárt fyrir aðalfundi deilda, bókhald og uppsetning reikninga langt komið. Fyrsti fundurinn er 21. janúar og er hjá badmintondeild. EH hvetur stjórnarmenn til að koma á aðalfundi deilda félasins. Veita þarf: 5 brons í unglingaráði knattsp., 1 brons körfu, 2 brons unglingaráði körfu, 5 brons meistaraflokksráð kvenna karfa, 1 brons skotdeild, 2 taekwondo og 1 gull badminton. Samtals 16 bronsmerki og eitt gullmerki.

5. Aðalfundur Keflavíkur.

Minnisblað liggur fyrir fundinum. Farið yfir minnisblaðið. Fundurinn verður haldinn þann 21. febrúar kl. 18:00.

6. Önnur mál.

Lögreglan hefur óskað eftir því að leiga sal 1 í tvær vikur í febrúar og mars. *Samþykkt.*

EH lagði til að keypt yrði tússtafla og sem yrði sett á vegginn í sal 1. *Samþykkt og framkvæmdastjóra falið máli.*

Guðbjörg hefur tekið aftur við Hringbraut 108.

Umræður um dúkinn sem gerður var fyrir þorrablótið hvort eigi að óska eftir því að hann verði á þessum stað og yrði límdur á vegginn? Aðalstjórn er sammála því að dúkurinn verði áfram á veggnum og ef eigendur dúksins eru sammála þá er framkvæmdastjóra falið að óska eftir því við forstöðumanninn að líma hann upp. Aðalstjórn er tilbúin að greiða kostnaðinn við verkefnið.

Þorrablótið heppnaðist vel og er þorrablótsnefndinni þakkað fyrir þeirra framlag.

Búið að prenta og senda á rsk launamiða og eftir að send inn launaframtölin.

Næsti fundur 2. febrúar kl. 18:00

Fundi slitið 19:00

Fundinn ritaði BS.

